



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Stjórnarfundur 29. janúar 2015

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur haldinn í stjórn Hestamannafélagsins Glaðs, haldinn að Sunnubraut 7, 29. janúar 2015.

Mættir: Þórður, Heiðrún Sandra, Svala, Viðar, Þórarinn og Gyða.

1. Tilnefning til íþróttamanns ársins hjá UDN. Ákveðið að velja einn aðila en ekki vera með margar tilnefningar. Laufey Fríða Þórarinsdóttir verður tilnefnd að hálfu Glaðs. Þórarinn Birgir tók ekki þátt í umræðum eða tilnefningum.
2. Knapí ársins hjá Glað, Skjöldur Orri Skjaldarson og Laufey Fríða Þórarinsdóttir efnilegasti knapinn. Fræðslunefnd sendi inn tillögu um hana.
3. Boðað er til fundar hjá UDN 5. febrúar. Fyrir hönd Glaðs fara Þórður, Heiðrún Sandra, Svala, Viðar og Þórarinn. Spjallað um úthlutunarnir styrkja Dalabyggðar gegnum UDN og um skiptingu Lottótekna.
4. Hugmynd um að halda skemmtikvöld þar sem meðal annars verða afhentar viðurkenningar fyrir besta knapann og efnilegasta knapann. Skipuleggja kvöldið þannig að fyrrihluta þess er opið fyrir börn og unglínga en svo t.d eftir kl. 23 þöbbastemming. Gyða og Svala kalla saman skemmtinefnd á fund vegna þessa.
5. Rætt um námskeið og fleira sem er á döfinni og búið að auglýsa hjá fræðslu- og æskulýðsnefnd. Einnig kynningu á öryggispakka frá LH sem nefndin mun sjá um.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Gyða Lúðvíksdóttir, ritari